



## Brunavarnir Austur-Húnavatnssýslu

### Fundargerð

#### Aðalfundur 12. júlí 2010

Mánudaginn 12. júlí 2010 kom stjórn Brunavarna A-Húnavatnssýslu saman til fundar á bæjarskrifstofum Blönduósbæjar á Blönduósi kl. 14:00. Mæting skv. undirskriftum. Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson formaður setti fundinn og Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri Blönduósbæjar ritaði fundargerð.

#### Dagskrá:

1. Ársreikningar 2009
2. Skýrsla formanns
3. Skýrsla slökkviliðsstjóra
4. Umræður um skýrslur
5. Afgreiðsla reikninga
6. Fjárhagsáætlun 2010
7. Önnur mál

#### Afgreiðslur:

##### Dagskráliður 1

Lagður fram ársreikningur ársins 2009. Helstu niðurstöður ársins eru:

Tekjur	krónur 1.973.661
Rekstrargjöld	krónur 18.687.911
Framlög sveitarfélaga	krónur 16151.030

Niðurstaða ársins, tap krónur (567.063)

Eigið fé í árslok krónur 259.885

Umræður urðu um reikninga. Fram komu athugasemdir við ársreikning 2009 þar sem vöntun er á tekjuhlið reikningsins. Stjórnin falið að leiðrétta reikninginn í samræmi við umræður á fundinum.

##### Dagskrárlíður 2

Lögð fram skýrsla formanns stjórnar um starfssemi félagsins frá síðasta aðalfundi.

##### Dagskrárlíður 3

Lögð fram starfsskýrsla slökkviliðsstjóra frá síðasta aðalfundi. Það sem af er á árinu 2010 hefur slökkvilið Brunavarna Austur-Húnavatnssýslu (BAH) verið kallað út í 11 skipti. 4 útköll vegna umferðarslysa, 5 skipti vegna elds og 2 skipti vegna vatnsleka. BAH hefur haldið 7 æfingar sem af er á árinu 2010. Þar af var stór eitrefnaefing sem haldin var snemma í

sumar. Í fyrstu viku hvers mánaðar heldur slökkviliðið æfingu þar sem meginþættir slökkvistarfs eru æfðir. Eldvarnareftirlit slökkviliðs hefur verið að komast í gang eftir lögð undanfarin misseri. Eldvarnareftirlit er skipt þannig niður að slökkviliðsstjóri skal heimsækja þjónustufyrirtæki a.m.k. einu sinni á ári en sveitabæi í þriðja hvert ár. BAH hefur sent sveitarfélögunum Húnavatnshreppi og Blönduósbae gjaldskrá af veittri þjónustu við eldvarnareftirlit og greinargerð með henni. BAH opnaði heimasíðu í upphafi ársins, [www.slokkvibill.is](http://www.slokkvibill.is). Þar getur almenningur nálgast allar upplýsingar um starfsemi slökkviliðs auk þess sem eldvarnir heimila eru kynntar. BAH er farið að bjóða fyrirtækjum, félagasamtökum og stofnunum upp á námskeið í brunavörnum og meðferð handslökkvitækja. Tvö námskeið voru haldin snemma í sumar.

#### **Dagskrárliður 4**

Umræður urðu um skýrslu slökkviliðsstjóra og skýrslu stjórnarformanns. Stjórnarmenn fagna því að brunavarnareftirlit sé vel á veg komið.

#### **Dagskrárliður 5**

Ársreikningur ársins borinn upp. Ársreikningur Brunavarna A-Hún fyrir árið 2009 samþykktur samhljóða með fyrirvara sem að framan greinir í dagskrárlið 1.

#### **Dagskrárliður 6**

Fjárhagsáætlun 2010 lögð fram og breytingar á henni ræddar. Hækkun á endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2010 er kr. 7.357.000 þar af nema greiðslur launa og launatengdra gjalda fráfarandi slökkviliðsstjóra kr. 3.101.121. Fjárhagsáætlun 2010 og breytingar á henni borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

#### **Dagskrárliður 7**

Önnur mál. Formaður kynnir drög að nýjum samþykktum Brunavarna A-Hún. Stjórnin samþykkir að vísa drögnum til aðildarsveitarfélaganna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:40

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, formaður (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Gróa Lárusdóttir (sign.)

Jens P. Jenssen (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Jóhann K. Jóhannsson, slökkviliðsstjóri (sign.)